

FÖSTUDAGS MOLINN

LISTALESTIN 25. - 26. APRÍL



NEMAR FRÁ LISTAHÁSKÓLA ÍSLAND MEÐ SMÍÐJUR FYRIR UNGLINGASTIG Á VEGUM LIST FYRIR ALLA

List fyrir alla er ætlað að velja og miðla listviðburðum um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Höfuðáhersla er lögð á menningu fyrir börn og menningu með börnum.

Að þessu sinni munu nemar frá Listaháskóla Íslands koma í heimsókn og bjóða upp á smíðjur fyrir unglingsstig þar sem unnið verður með mismunandi listform. Nemendur frá Húnaskóla og Höfðaskóla munu einnig koma á Hvammstanga og taka þátt.

SÝNING KL 16 Á MIÐVIKUDAG

Sýning á verkum nemenda verður svo opnuð hátílega í sal Grunnskóla klukkan 16 á miðvikudag og hvetjum við alla til að koma og sjá verk nemenda.

Sýningin er opin öllum sem vilja og vonumst við til að sjá sem flesta.

List fyrir alla

ÁTT ÞÚ HLUTI SEM GÆTU ORÐIÐ AÐ LISTAVERKI?

Í smíðjunum verður unnið með allskonar efnivið.

Því viljum við leita til ykkar eftir aðstoð. Okkur vantar t.d. þónokkuð af textíl. Sængurver, lök, dúkar, mottur og gardínur sem hafa þjónað sínum tilgangi eru vel þegin í verkefnið.

Eins væri frábært að fá allskonar hluti þar sem nær öll verkin verða unnin úr endurnýtanlegum hlutum. Svo það er um að gera að nýta tækifærið og losa sig við ruslið og koma með það í skólann.

Eina krafan sem við setjum er að hlutirnir séu hreinir.



FRAMUNDAN

Mánudagur 24. apríl

Matseðill: Ostafylltar fiskisteikur (þorskur & ýsa), kartöflur, salat og grænmeti.

Þriðjudagur 25. apríl

Matseðill: Gúllas, kartöflumús, grænar baunir, rauðkál, sulta, salat og grænmeti.

- Listalest hjá unglिंगastigi
- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Miðvikudagur 26. apríl

Matseðill: Plokkfiskur (þorskur & ýsa), salat og grænmeti.

- Morgunsöngur kl 8:20
- Listalest hjá unglिंगastigi

Fimmtudagur 27. apríl

Matseðill: Pizza, franskar og grænmeti.

- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 28. apríl

Matseðill: Kjötsúpa (lambakjöt).

Mánudagur 1. maí - Verkalýðsdagurinn

- FRÍ!



NEMENDUR SEM
TAKA ÞÁTT Í
LISTALESTINNI
ÞURFA AÐ VERA Í
FÖTUM SEM MÁ
FARA MÁLNING Í!

MIÐ-UNGLINGASTIG OG FRÍSTUND FÓRU Á KRABBAVEIÐAR

Við höldum áfram að fagna frábæru samstarfi. Núna var það Selasetrið sem bauð nemendum á krabbaveiðar. Settar voru gildir í höfnina og kenndi þar ýmissa grasa þegar þær voru hífðar á land. Við viljum senda bestu þakkir til Cécilu og Jessicu fyrir að standa að þessu og bjóða okkur með.

